

# Vinnuumhverfi á Íslandi – þörf fyrir meiri umræðu



Kristinn  
Tómasson

Mikið er rætt um vinnu-  
markað og umhverfismál í  
fjölmíðlum hérlandis og  
tengist sú umræða ekki síst  
áformum um ný eða aukin  
tækifæri á vinnumarkaði og/  
eða hagræðingu sem leiðir  
yfirleitt af sér samruna fyrir-  
tækja í stærri einingar og  
fækkun starfsfólks.

Í fréttum sem Morgun-  
blaðið er með á vef sínum  
(26.8.2002) er fjallað ítarlega um ýmsa þætti sem  
lúta að álveri á Austurlandi. Í þessum pistlum er  
ekki aðaláhersla á heilsu starfsmanna sem hugsan-  
lega muni vinna í verksmiðjunni eða í tengslum við  
smíði hennar, heldur er áherslan fyrst og fremst á  
áhrif verksmiðjunnar og byggingu hennar á efnahags-  
líf þjóðarinnar og á umhverfismál í víðtækri  
merkingu þess orðs, það er hver verða áhrif á há-  
landið og lítt snortna náttúru þess, hver verða áhrif  
á loft, lands- og sjávargæði í nágrenni við verk-  
smiðjuna? Lítið hefur hins vegar borið á umfjöllun  
um heilsufar væntanlegs starfsfólks og fjölskyldna  
þeirra. Ekki er ljóst hvað veldur því. Hugsanlega  
getur það verið vegna þess að stóriðjufyrirtæki hér-  
landis hafa haft nokkra forgöngu um eftirlit með  
heilsufari hjá starfsfólki sínu og má þar benda á  
álverin, járnblendid og steinullarverksmiðjuna og  
þar af leiðandi finnst stjórnmalámunnum og öðr-  
um ekki þörf á að þessi mál séu í brennidepli um-  
ræðunnar. Þetta er mögulega rétt. Lýsir það sér  
ekki hvað síst í því að eitt af álfyrirtækjunum setur  
sér þau markmið á heimasíðu sinni að fyrir árið  
2004 verði búið að ljúka áhættumati með tilliti til  
hættu fyrir heilsu starfsmanna og fylgst verði með  
að minnsta kosti 95% af áhættuvöldunum jafnframt  
því sem dregið verði úr efnamengun og mestu há-  
vaðavöldum um 40%. Jafnframt þessu verði vinnu-  
vistfræðilegra sjónarmiða betur gætt á hverri vinnu-  
stöð og slysgildrum fækkað og að starfsmanna-  
heilsuvernd með viðeigandi sérfræði þekkingu  
verði til staðar í hverri verksmiðju (1).

Þetta eru virðingarverð markmið en til þess að  
við sem lækna og málsvarar íslensku þjóðarinnar í  
heilbrigðismálum getum tekið við þeim þurfum við  
að skoða hvaða kröfur við viljum gera um vinnu-  
umhverfi og hættu af því fyrir einstaklinga á ís-

lenskum vinnumarkaði og fjölskyldur þeirra. Til  
þess að við getum komið fram með slíkar kröfur  
þurfum við að afla meiri upplýsinga um þær hættur,  
jafnt líffræðilegar, sálfræðilegar og félagslegar, sem  
tengjast vinnu hérlandis og svara því hvaða áhrif  
þær hafa á heilsu starfsmanna og fjölskyldna þeirra.  
Nauðsynlegt er að athuga að umræða sem þessi er  
grundvölluð á áhættumati sem er lykilþáttur í öfl-  
ugri starfsmannaheilsuvernd. Það þarf einnig að  
spyrja hvernig á að bregðast við hættunni? Er hægt  
að fjarlægja hana eða fjarlægja starfsmann frá hætt-  
unni? Ef það er ekki unnt hvernig er þá hægt að  
veita starfsmanninum nægilega vernd á annan  
hátt? Og ef það er ekki hægt þá þarf að spyrja hvort  
áhættan sé ásættanleg? Ef svo er þarf að spyrja  
hvaða og hvers konar heilbrigðisefirlit þarf og er  
hægt að veita það? Þetta síðastnefnda atriði er sér-  
staklega mikilvægt þegar lítið er til framkvæmda í  
strjálbýli þar sem langt er í þjónustu ef skyndileg  
eða mikil óhöpp verða.

Nú þegar einhverjar mestu framkvæmdir Ís-  
landssögunnar eru að hefjast er mikilvægt að lækna-  
ar taki virkan þátt í öllu sem lýtur að starfsmanna-  
heilsuvernd, þar með töldu áhættumati, og tryggja  
að slíkt mat og nauðsynleg þjónusta verði raun-  
verulega veitt hér á landi. Nauðsynlegt er að und-  
irstríka að slík þjónusta verði ekki einvörðungu  
bundin stóriðnaðarfyrirtækjum sem sögulega séð  
fylgir veruleg áhætta vegna efnamengunar eða  
slysaheittu heldur verði hún tengd við öll fyrirtæki.

Þetta verður ekki gert nema með því að veru-  
lega aukið fjármagn verði lagt af hálfu opinberra  
aðila, fyrirtækja og rannsóknasjóða til rannsókna á  
vinnuslysum, áhættuþáttum, (líffræði-, sálfræði-,  
vinnuvistfræði- og félagslegu), sem og til rannsókna  
á heilsufari fólks í hinum ýmsu starfsgreinum. Það  
er ábyrgð okkar lækna að kalla eftir þessu!

1. Sjá heimasíðu Alcoa:  
[www.alcoa.com/global/en/environment/goals.asp](http://www.alcoa.com/global/en/environment/goals.asp)

## Frágangur fræðilegra greina

**Höfundar sendi tvær gerðir  
handrita** til ritstjórnar  
Læknablaðsins, Hlíðasmára  
8, 201 Kópavogi. Annað án  
nafna höfunda, stofnana og  
án þakka sé um þær að  
ræða. Greininni fylgi  
yfirlýsing þess efnis að allir  
höfundar séu samþykkir  
lokaformi greinar og þeir  
afsali sér birtingarrétti til  
blaðsins.

**Handriti** skal skilað með  
tvöföldu línubili á A-4  
blöðum. Hver hluti skal  
byrja á nýrri blaðsíðu í  
eftirtalinni röð:

- Titilsíða: höfundar,  
stofnanir, lykilorð á ensku  
og íslensku
- Agrip og heiti greinar á  
ensku
- Ágrip á íslensku
- Meginmál
- Þakkir
- Heimildir

**Tölur og myndir** skulu vera á  
ensku eða íslensku, að vali  
höfunda.

**Tölvuunnar myndir og gróf**  
komi á rafrænu formi ásamt  
útprenti. Tölvugögn (data)  
að baki gröfum fylgi með,  
ekki er hægt að nýta myndir  
úr PowerPoint eða af netinu.

**Eftir lokafrágang** berist allar  
greinar á tölvutæku formi  
með útprenti.

**Sjá upplýsingar** um frágang  
fræðilegra greina:  
<http://lb.icemed.is/>

## Umræðuhluti

**Skilafrestur** efnis í næsta blað  
er 20. undanfariandi  
mánaðar nema annað sé  
tekið fram.